

## Annar heimur

Þetta er mjög skemmtileg og auðveld æfing til að fá nemendur til að hugsa um mismunandi sjónarmið á málefnum og skoðunum. Hægt er að horfa á sama hlutinn, aðstæður á mismunandi hátt eftir reynslu, menntun, menningarlegum bakgrunni. Þannig læra nemendur hvernig á að takast á við fjölbreytileika. Þeir læra að sýn þeirra á raunveruleikann er ekki endilega "sú eina rétta". Mismunandi sjónarmið geta verið "rétt" og því dýrmæt.

Til viðbótar við þessa meginreglu styður þetta verkefni "nám með hugsun" og "nám með íhugun og mati".

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta ímyndað sér hvernig hlutirnir líta út frá öðru sjónarhorni
- Vera færir um að kanna margvísleg sjónarmið.
- Vera færir um að ræða mismunandi sjónarmið.
- Beita virkri hugsun.
- Sýna sveigjanleika í skoðanamyndun.

### Tímasetning

Hversu langan tíma þetta verkefni tekur fer eftir mörgum ólíkum þáttum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefni. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 30 mínútur.

### Efni

- Myndir af mismunandi persónum
- 1 eða fleiri hlutir/myndir/... í tengslum við viðfangsefnið.
- Stór pappír fyrir hugarkort eða gera þetta á skólatöflu eða stafrænu bordi á Miro, Google Jamboard...

### Undirbúnin

- Veldu sögu, málefni, ...
- Dreifðu myndum af persónum í sögunni þinni, tilteknu viðfangsefni, ... á borðið.
- Veldu hlut, yfirlýsing, aðstæður, ... þú vilt að nemendur hugsi um málið með augum mismunandi persóna.

### Skref fyrir skref leiðbeiningar

#### 1 Innlögn



- Ef þú hefur ekki kannað söguna, málefnið, ... skaltu samt ganga úr skugga um að þú kynnir það fyrst með því að lesa sögu, sýna stutt myndband, ...
- Settu hlut, yfirlýsing, mynd af aðstæðum, ... í miðjuna. Athugaðu hvort allir nemendur þekki hlutinn, aðstæður, yfirlýsing, ... Hvað er þetta? Til hvers notarðu þetta? Hvað er að gerast á myndinni? ...'

## 2 Kanna persónur

- Ef nauðsyn krefur skaltu rifja upp persónurnar og hlutverk þeirra í sögunni eða umræðuefninu sem þú talaðir um. Upprifjun: "Hver er þetta ...?"  
"Hvernig myndir þú lýsa honum/henni? ..."

## 3. Tenging við persónur

- Tengdu hlutinn, aðstæður, ... og persónuna/persónurnar. Gefðu nemendum tíma til að hugsa og horfa með augum persónunnar/persónanna. Ef nauðsyn krefur, skoðaðu söguna aftur.
  - Hvað hugsar persóna x um þennan hlut/aðstæður?
  - Hvað finnst persónu x um þennan hlut/aðstæður?
  - Líkar honum/henni það?
  - Verður hann/hún reið(ur), hrædd(ur), sorgmædd(ur) ... vegna þess?
  - Finnst honum/henni þetta spennandi? ...
  - Af hverju heldurðu þetta?
- Ef þú hefur á tilfinningunni að nemendur þínir viti hvernig á að framkvæma æfinguna geturðu líka beðið þá um að hugsa fyrst um persónuna/persónurnar í þörum eða 3-4 manna hópum. Þú getur gefið hverju pari/hópi eina, tvær eða allar persónurnar til að vinna (því fleiri persónur, því erfiðara er það). Ef nemendur vinna saman í litlum hópum skaltu biðja þá um að velja einn úr hópnum til að kynna niðurstöður fyrir öllum bekknum þegar æfingunni er lokið.
- Þú leyfir hverju pari/hópi að segja frá því hvað þeim finnst persónan/persónurnar vera að hugsa og finnst um hlutinn/aðstæðurnar.
- Gerðu hugarkort á meðan á samtalinn stendur: skrifaðu niður hlutinn eða aðstæðurnar í miðjUNNI. Nú eru mismunandi persónur á mismunandi hliðum á hugarkortinu. Skrifaðu niður með lykilordum hvað hverri persónu finnst um hlutinn/aðstæðurnar.

## 4 Ígrundun

- Geturðu sagt hvers konar æfingu þú varst að klára?
- Hvernig var að sjá með augum einhvers annars, að hugsa eins og einhver annar? Hvað gerir það erfitt, auðvelt, ...?
- Hvað hugsaðir þú þegar þú heyrðir um allar þessar mismunandi leiðir til að horfa á sama hlutinn, aðstæður, ...?



- Hjálpaði það þér að skilja betur efnið sem við lærðum um eða við vorum að tala um? Á hvaða máta ?
- Hvernig lítur þú á hlutinn, aðstæðurnar, ... núna?

Ábending: Æfinguna er hægt að vinna með hvaða sögu, viðfangsefni sem er. Þú getur gert hana auðveldari eða erfiðari eftir getustigi nemenda (fjöldi persóna, val á hlut ...).